



Skýrsla stjórnar fyrir starfsaárið 2010

Lögð fram á aðalfundi 6. apríl 2011

Stjórn

Fram að síðasta aðalfundi, sem haldinn var 26. apríl 2010, voru stjórnarmenn eftirtaldir:

Þóroddur F. Þóroddsson formaður, aðrir stjórnarmenn Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Hólmfríður Þóroddsdóttir, Sigurður Sigurgeirsson og Gísli Harðarson og varamenn Óskar Jakobsson og Ragnhildur Jónsdóttir.

Á aðalfundinum voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Þóroddur F. Þóroddsson formaður, aðrir stjórnarmenn Daníel Jakobsson, Hólmfríður Þóroddsdóttir, Sigurður Sigurgeirsson og Óskar Jakobsson og varamenn Haraldur I. Hilmarsson og Ragnhildur Jónsdóttir.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Hólmfríður Þóroddsdóttir var ritari, Sigurður gjaldkeri og Daníel varaformaður.

Skoðunarmaður reikninga var kosinn Ari Wendel og Ólafur Valsson til vara.

Stjórnin hélt sjö formlega fundi en auk þess voru óformlegir spjallfundir og ótal netsamskipti.

Nefndir.

Mannvirkjanefnd: Árni Tryggvason, Daníel Jakobsson og Þóroddur F. Þóroddsson.

Útbreiðslu og fræðslunefnd: Gerður Steinþórsdóttir, Hrefna Katrín Guðmundsdóttir og Haraldur I Hilmarsson.

Mótanefnd: Ingvar Einarsson, Magnús Björnsson, Óskar Jakobsson og Skarphéðinn Óskarsson.

Daníel og Hólmfríður Vala fluttu til Ísafjarðar sumarið 2010 og störfuðu því takmarkað með félaginu eftir það.

Fræðslumál.

- Styrkur fékkst frá Menntamálaráðuneytinu til þjálfunar barna og unglinga og hélt Hólmfríður Vala utan un þau mál fyrri hluta ársins. Óskar Jakobsson sá um þjálfun barna og unglinga á haustmánuðum.
- Alþjóða Ólympíudagurinn var þann 23. júní og óskaði ÍSÍ eftir að Ullur kynnti þjálfun á hjólaskíðum og fór hún fram í Laugardalnum og komu 10 manns + félagsmenn.
- Nokkrir félagsmenn tóku þátt í þjálfaranámskeiði SKÍ sem fram fór í Laugardalnum 29.-31. október en þar kenndi landsliðspjálfarinn Linus Davidsson.
- Nokkrir félagsmenn tóku þátt í Vasabúðum á Ísafirði í lok nóvember.
- Heimasíðan var notuð til að koma á framfæri ýmsum upplýsingum til félagsmanna og fær Guðmundur Hafsteinsson sérstakar þakkir fyrir hans mikla framlag við það.
- Félagsfundur var haldinn þann 16. nóvember, mættu þar 13 manns og þar var tekin formlega í gagnið ný heimasíða og rædd ýmis mál.

Mót.

- Vegna snjóleysis í Bláfjöllum var Unglingameistaramót Íslands flutt til Siglufjarðar og sá Ullur um keppni í skíðagöngu. Keppnisstjóri var Óskar Jakobsson og leysti hann og mótanefnd þetta verkefni með sóma. Tækifærið var notað og Bláfjallagangan sem er liður í Íslandsgöngunni var haldin á Siglufirði á sama tíma. Þátttakendur voru aðeins 34 og gengu nítján 20 km, sex 10 km og níu 5 km.
- Gunnar Birgisson var sigursæll í bikarmótum í unglingaflokki.
- Í hinum ýmsu mótum Íslandsgöngunnar tóku þátt óvenju fáir félagsmenn í Ulli eða aðeins 18.
- Í Andrésar Andar leikunum tóku þátt 8.
- Á skíðamóti Íslands voru líklega 6 þátttakendur.

Úrbætur á skíðasvæðinu í Bláfjöllum

- Félagsmenn mættu á svæðið í haust og héldu áfram að hreinsa grjót af gönguleiðum við Neðri-Sléttu, snjógirðing var lagfærð og bætt við hana og tint rusl.
- Kópavogsbær auglýsti nýtt deiliskipulag af skíðasvæðinu í Bláfjöllum um sumarið þar sem ein megin áherslan var á snjóframleiðslu á svæðinu. Stjórn Ulls kom á framfæri sínum hugmyndum er einkum vörðuðu byggingarreit þar sem skáli Ullunga er, vatnsveitu að honum og fráveitu og mótun lands vegna lagningar skíðaspors og voru þær kynntar í deiliskipulagstillögunni. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gerði verulegar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna í heild. Krafðist það þess að gert yrði nýtt hættumat vegna hugsanlegra áhrifa af fjölgun fólks og aukinni bílaumferð þar sem skíðasvæðið er á megin söfnunarsvæði neysluvants fyrir höfuðborgarsvæðið og er skilgreint sem fjarsvæði A. Ekkert hefur þokast í málinu í framhaldinu svo vitað sé.
- Stjórn Skíðasvæða Höfuðborgarsvæðisins var skrifað í september og óskað að á árinu 2011 verði framkvæmt skv. deiliskipulagstillögu, lagnir að húsi og undirbúningur skíðaleiða unnin á sama hátt og framkvæmdir fyrir alpagreinar.
- Í lok nóvember barst bréf frá stjórn skíðasvæðanna þar sem óskað var eftir hugmyndum félagsins um gjaldtöku af skíðagöngufólki. Því var svarað á þá lund að það mætti skoða þegar aðstaða væri orðin bærilæg, komnar snjógirðingar ofl.

Úrbætur í Heiðmörk

- Reykjavíkurborg auglýsti nýtt deiliskipulag af Heiðmörk og kom stjórn Ulls á framfæri hugmyndum um skíðaleið utan megin gönguleiða. Þar er um að ræða 7-8 km hring sem er inni í tillögunni en hún hefur ekki verið staðfest. Skógræktarfélagi Reykjavíkur og stjórn Skíðasvæðanna var skrifað í september og viðruð sú hugmynd að skíðaleið í Heiðmörk yrði hluti af skíðasvæðum Höfuðborgarsvæðisins og benti t.d. á að vélsleði sem væri nýttur í Bláfjöllum í fyrstu snjóum yrði síðan færður niður í Heiðmörk. Engin svör hafa borist.

Skíðaskáli

- Unnið var við viðhald skálans og m.a. skipt um gler í flestum gluggum og alla glerlista og lokið við að fúaverja húsið að utan, einnig var borið fúavarnarefni á gluggana að innan. Magnús Björnsson og Þórhallur Ásmundsson eiga mestan heiður af því verki og Skarphéðinn Óskarsson af smíði á geymslu í forstofunni.
- Bréf barst frá Kópavogsbæ þar sem bent var á að skálinn er staðsettur með leyfi sem þarf að endurnýja árlega þar til deiliskipulag hefur verið staðfest og var það gert. Einnig barst

frá byggingarfulltrúa Kópavogs, þann 10. des., teikning er varðar festingar skálans á undirstöður og þurfum við að bæta úr þeim í samræmi við teikningarnar.

- Haraldur Hilmarsson smíðaði statíf fyrir skíði utanhúss og gaf félaginu.
- Kanna þarf tryggingar skálans.

Æfingar

- Fyrrihluta ársins mátti heita að aldrei væri skíðafæri í Bláfjöllum vegna snjóleysis og því nánast engar skipulegar æfingar. Í maí var ákveðið að sumaræfingar yrðu á þriðjudögum frá Víkingsheimilinu og Lágafellslaug á sunnudagsmorgnum.
- Í ágúst hóf stjórnin leit að þjálfara og var ákveðið að halda áfram þriðjudagsæfingum.
- Ekki reyndist áhugi fyrir hjólaskíðamóti.
- Haustið kom með snjó í byrjun nóvember og var hægt að æfa þar fram í fyrstu viku desember.

Ýmislegt

- Félagið átti fulltrúa á þingi ÍBR og Skíðþingi, tók þátt í fundum SKRR og formannafundi SKÍ.
- Skýrslu um starf félagsins var skilað til SKRR og ÍSÍ/SKÍ.
- Grillveisla og lok skíðatímabilis fór fram í garði Daníels og Völu þann 9. maí.
- Fengin voru tilboð í að útbúa „buff“ með merki félagsins en ljóst að tryggja þyrfti sölu á 100-150 stykkjum ef af yrði. Aflað var tveggja auglýsinga á heimasíðuna.
- Rædd var hugmynd um markaðsdag.
- Gerð var athugasemd við hvernig kynningu á Ulli var háttað í blaði ÍBR í september.

Stjórnin þakkar sérstaklega fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir vel unnin störf fyrir félagið og nefndafólki og öllum félagsmönnum sem lagt hafa hönd á plóginn óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Þóroddur F. Þóroddsson, formaður